

Ár 2023, 15. nóvember, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Fyrir var tekið mál nr. 24/2019:

**Árnason Faktor ehf., f.h.
Monster Energy
Company,
Bandaríkjunum
gegn
Hugverkastofunni¹
vegna ákvörðunar
stofnunarinnar frá 10.
október 2019 um að
synja umsókn um
skráningu
vörumerkisins WHITE
DRAGON TEA, sbr.
vörumerkjaumsókn nr.
V0111029.**

Kveðinn var upp svofelldur

úrskurður:

Með umsókn nr. V0111029, dags. 7. nóvember 2018, sótti áfrýjandi um skráningu á merkinu WHITE DRAGON TEA til að auðkenna te; íste; tedrykki; tilbúið te; tilbúið bragðbætt te í flokki 30 og óáfenga drykki í flokki 32. Með bréfi, dags. 14. nóvember 2018, hafnaði Hugverkastofan skráningu merkisins að svo stöddu á grundvelli 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 (vml.), sökum ruglingshættu við vörumerkin Mystic Dragon, sbr. alþjóðleg skráning nr. 802347A, sem skráð væri fyrir nánar tilgreindar vörur í flokki 32 og BLUE DRAGON, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1036911, sem skráð væri fyrir nánar tilgreindar vörur í flokki 29 og 30.

Með bréfi til Hugverkastofunnar, dags. 23. nóvember 2018, andmælti unboðsmaður áfrýjanda því að merkið væri ruglingslega líkt áðurnefndum eldri vörumerkjaskráningum. Bent var á að við mat á ruglingshættu væri annars vegar litið til þess hvort að merkjalíking væri með merkjunum og hins vegar hvort vöru/þjónustulíking væri með þeim. Líkingar milli merkja og vöru/þjónustulýsingar yrði að skoða í því samhengi og væri almenna reglan sú að þeim mun líkari sem merki væru því minni kröfur væru gerðar til vöru- eða þjónustulíkingar og öfugt. Mati á merkjalíkingu megi skipta í tvennt, í fyrsta lagi skuli meta hvort sjónlíking sé með

¹ Stofnunin hét áður Einkaleyfastofan og var nafni stofnunarinnar breytt með lögum nr. 32/2019, sem samþykkt voru á Alþingi 2. maí 2019 og tóku gildi 1. júlí s.á.

merkjum og í öðru lagi skuli meta hvort hljóðlíking sé til staðar með merkjum. Þá geti merkingarlíking einnig komið til skoðunar. Grundvallarreglan við mat á ruglingshættu væri að meta skuli heildarmynd merkjanna sem um er deilt.

Væru merkin og heildarmynd þeirra borin saman með tilliti til ruglingshættu taldi umboðsmaður áfrýjanda ruglingshættu ekki vera til staðar. Eldri skráningar vernduðu ekki orðið DRAGON eitt og sér heldur heildarsamsetningu orðanna MYSTIC DRAGON og BLUE DRAGON. Merkin ættu aðeins einn þátt sameiginlegan, orðið DRAGON, en væru að öðru leyti gjörólík. Aðrir þættir merkjanna væru sjónrænt gerólikir. Þá vegi fyrri hluti merkja þyngst við mat á ruglingshættu. Væru merkin borin saman með tilliti til hljóðlíkingar, þá væri ekki vottur af hljóðlíkingu milli þeirra orða sem ekki væru sameiginleg með merkjunum.

Þá taldi umboðsmaður áfrýjanda merkingarlíkingu ekki vera heldur til staðar milli merkjanna. Merki áfrýjanda yrði þýtt á íslensku sem „Hvítt dreka te“ eða „Te hvíts dreka“, en hinar fyrri skráningar sem „Dularfullur/Dulúðlegur dreki“ og „Blár dreki“. Hefðu merkin því gerólikar merkingar, enda te sjaldan tengd við dulúð eða bláan lit.

Varðandi vörulíkingu væri einhver vörulíking með merkjunum, þar sem vörumerkjaskráning MYSTIC DRAGON innihéldi tilvísun til óáfengra drykkja í flokki 32 og vörumerkjaskráning innihéldi vísun í te í flokki 30.

Þá innihaldi merkin bæði tilvísanir í te í flokki 30, en hins vegar sé flokkur 32 ekki tilgreindur í skráningu BLUE DRAGON, svo vörurnar „óáfengir drykkir“ í umsókn áfrýjandi verði að teljast frekar ólíkar þeim vörum sem tilgreindar eru í eldri skráningunni. Þar sem það væri hins vegar ótvírætt að mati umboðsmanns áfrýjanda að merkjalíking væri ekki til staðar með merkjunum, yrði nokkur vörulíking alls ekki þess valdandi að ruglingshætta skapist með merkjunum.

Þá vísaði umboðsmaður áfrýjanda til eldri úrskurðar áfrýjunarnefndar og Hugverkastofu. Bent var á dæmi um vörumerkjaskráningar sem skráðar væru samhliða fyrir svipaðar vörur sem innihéldu orðið Dragon. Þá innihéldu vörumerki fyrir kaffi, te og aðra óáfenga drykki oft orðið DRAGON og væru fjölmörg dæmi um sameiginlega tilvist þeirra á markaði. Var bent á nokkrar slíkar vörumerkjaskráningar í flokki 30 og 32 í Evrópusambandinu. Því mætti ætla að neytendur gerðu sér grein fyrir að um mismunandi vörur væri að ræða frá mismunandi framleiðendum, þrátt fyrir að þær ættu orðið DRAGON sameiginlegt í vörumerkjunum. Þá væru hér á landi fjölmörg dæmi um skráningar sem samanstæðu af tveimur orðum eða orðhlutum þar sem annar orðhlutinn væri sá sami og skráður væru fyrir vörur eða þjónustu í

sama flokki í nafni mismunandi eigenda. Á sama hátt og þau merki fengju að standa hliðstætt í vörumerkjaskrá hér á landi án þess að talin væri ruglingshætta á milli þeirra bæri að heimila skráningu merkisins WHITE DRAGON TEA þrátt fyrir fyrri skráningar merkjanna MYSTIC DRAGON og BLUE DRAGON.

Í bréfi Hugverkastofunnar til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 8. febrúar 2019, kom fram að ákveðið hefði verið að falla frá höfnun á grundvelli merkisins MYSTIC DRAGON. Eftir stæði höfnun á grundvelli merkisins BLUE DRAGON. Merkin samanstæðu annars vegar af tveimur orðhlutum, BLUE DRAGON, og hins vegar þremur orðhlutum, þ.e. WHITE DRAGON TEA. Um sameiginlegan orðhluta væri því að ræða. Um einhverja sjón- og hljóðlíkingu væri því að ræða þegar litið væri til heildarmyndar merkjanna. Fyrri hlutar merkjanna samanstæðu í báðum tilvikum af nöfnum á lit. Merking merkjanna væri því annars vegar *hvítur dreki te* og hins vegar *blár dreki*, mögulega einnig *dapur dreki*. Þegar litið væri til merkingarlíkingar teldi Hugverkastofan að um hugrenningartengsl væri að ræða með merkjunum þar sem þau vísuðu bæði til dreka og lita og ekki væri loku fyrir það skotið að neytendur mættu ætla að vörurnar ættu sama viðskiptalega uppruna. Þá væri að mati Hugverkastofu einnig um algjöra vörulíkingu að ræða, bæði hvað varði te í flokki 30 en einnig óáfenga drykki í flokki 32. Þá taldi Hugverkastofan úrskurði í fyrri málum áfrýjunarnefndar og Hugverkastofu, sem vísað var til í bréfi umboðsmanns, ekki eiga við þar sem mál þau væru ekki sambærileg máli því sem hér um ræði. Tilvísun til samhliðaskráningar vörumerkja sem innihéldu orðið DRAGON var einnig svarað. Þá hefðu samhliðaskráningar í Evrópusambandinu ekki þýðingu við mat á ruglingshættu í málinu, þar sem EUIPO rannsakaði ekki vörumerki með tilliti til ruglingshættu.

Með bréfi til Hugverkastofunnar, dags. 5. apríl 2019, ítrekaði umboðsmaður áfrýjanda fyrri röksemdir og andmæli við því að ruglingshætta væri með merkjunum. Með bréfi til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 10. október 2019, ítrekaði Hugverkastofan fyrri afstöðu um höfnun skráningar merkisins á grundvelli 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. Teldi stofnunin ruglingshættu enn vera til staðar með merki umsækjanda og merkinu BLUE DRAGON. Var umsókn um skráningu merkisins WHITE DRAGON TEA, nr. V0111029, því hafnað og hún felld úr gildi skv. 19. gr. vml.

Með áfrýjun, dags. 19. nóvember 2019, skaut umboðsmaður áfrýjanda ákvörðun Hugverkastofunnar til áfrýjunarnefndar og krafðist þess að henni yrði hnekkt.²

² Greinargerðir áfrýjanda og Hugverkastofunnar til áfrýjunarnefndar fylgja úrskurði þessum.

Niðurstaða:

Í máli þessu er deilt um hvort vörumerkið BLUE DRAGON, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1036911, komi í veg fyrir að merki áfrýjanda, WHITE DRAGON TEA, sbr. umsókn nr. V0111029, verði samþykkt til skráningar hér á landi, sbr. þágildandi 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml., sbr. lög nr. 71/2020.³

Meginhlutverk vörumerkja er að greina vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra, sbr. 2. gr. vml. Samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml. (áður 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml) skal ekki skrá vörumerki nema með samþykki viðkomandi réttihafa ef hætt er við ruglingi á merkinu og vörumerki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér. Það að hætta sé á ruglingi með merkjum í skilningi 1.tölul. 1. mgr. 14. gr. vml., felur í sér að neytendur geti ruglast á vörum ólíkra framleiðenda eða telji vörur eða þjónustu ólíkra aðila hafa sama viðskiptalega uppruna vegna líkinda merkja.

Við mat á því hvort villast megi á merkjum verður að líta til tveggja þátta, annars vegar hvort merki taki til eins eða svipaðrar vöru eða þjónustu (vörulíking) og hins vegar hvort merki séu svo lík að hætt sé við ruglingi (merkjalíking), sbr. 4. gr. vml. Þá ber einnig að meta samspil merkjalíkingar og vöru- eða þjónustulíkingar. Þegar meta skal hvort vöru- eða þjónustulíking er fyrir hendi verður m.a. að hafa í huga hvort um eins eða svipaðar vörur er að ræða, hvort markhópurinn er sá sami og hvort vörurnar séu samkeppnisvörur.

Við mat á merkjalíkingu er litið til þess hvort merkin eru lík í útliti (sjónlíking), hljómi á líkan hátt (hljóðlíking) auk þess sem merking orða getur haft þýðingu. Meta skal merkjalíkingu út frá sjónarhóli neytandans og þeirri staðreynd að hinn almenni neytandi hefur yfirleitt eingöngu annað merkið fyrir augum hverju sinni. Önnur atriði geta einnig haft áhrif á matið, svo sem viðskiptatengsl eigenda merkja ef hluti merkis er sameiginlegur öðru merki. Þá ber að líta til þess hvort merki er tekið upp í heild sinni í annað merki og ef svo er, eru taldar auknar líkur á ruglingshættu. Einnig hefur það áhrif á matið hvort merkin teljist veik eða sterk. Það sem ræður úrslitum við mat á því hvort ruglingshætta sé til staðar eru þau heildaráhrif sem merkin skilja eftir sig í huga neytanda. Ekki er unnt að gefa sér það fyrir fram að vörulíking sé til staðar þó svo að vörumerki auðkenni vörur sem tilheyra sama flokki samkvæmt flokkunarkerfi Nice-

³ Eftir setningu laga nr. 71/2020 samsvarar þágildandi 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml. 1. tölul. sömu greinar. Ekki var með setningu laganna gert ráð fyrir að mat á ruglingshættu tæki breytingum með nýrri 14. gr., sbr. athugasemdir við 10. gr. í því frumvarpi er varð að lögum nr. 71/2020.

samningsins frá 1957, sbr. 16. gr. vml., þó svo að oftast sé það raunin. Er almennt talið að því meiri sem merkjalíking er með vörumerkjum, þeim mun minni kröfur megi gera til vörulíkingar og á sama hátt megi gera meiri kröfur til vörulíkingar þeim mun minni sem merkjalíkingin er.

Áfrýjunarnefnd telur vörulíkingu vera til staðar með þeim vörum sem hið skráða merki auðkennir og þeim vörum sem áfrýjandi sækir um skráningu fyrir. Hvað merki áfrýjanda áhrærir er óskað eftir skráningu fyrir te og tedrykki í flokki 30 og áfenga drykki í flokki 32. Merkið BLUE DRAGON er m.a. skráð fyrir te og kaffi í flokki 30. Er því um algjöra vörulíkingu að ræða hvað varðar te í flokki 30. Þá telur áfrýjunarnefnd vörulíkingu vera með te og kaffi og þeim vörum sem teljast til óáfengra drykkja, þar sem um drykki er að ræða sem gjarnan eru seldir á sama stað og aðrir óáfengir drykkir, svo sem í matvöruverslunum.

Hvað merkjalíkingu varðar þá eru merkin annars vegar tvö orð og hins vegar þrjú orð. Bæði merkin innihalda orðhlutann DRAGON. Sjón- og hljóðlíking er því talsverð með merkjunum. Áfrýjunarnefnd telur orðhlutann TEA í merki áfrýjanda hafa lítil áhrif við mat á ruglingshættu milli merkjanna, enda vísar orðið beinlínis til þeirra vara sem umsókn áfrýjanda tekur til og er auk þess aftast í merki áfrýjanda. Það sem greinir merkin að eru því orðin WHITE annars vegar og BLUE hins vegar í upphafi merkjanna. Í báðum tilvikum er um nöfn lita að ræða, þó orðið BLUE geti einnig haft aðrar merkingar. Sú merking sem hinn almenni neytandi er líklegastur til að leggja í þau er því annars vegar *hvítur dreki* og hins vegar *blár dreki*.

Þegar horft er til þeirrar merkingarlíkingar sem til staðar er telur áfrýjunarnefnd líklegt að hinn almenni neytandi upplifi heildarmynd og hughrif vörumerkis áfrýjanda þannig að vörur hans hafi sama viðskiptauppruna og þær vörur sem hið skráða merki auðkennir. Er þá horft til þess að hinn almenni neytandi hefur sjaldnast tækifæri til að bera vörumerki saman hlið við hlið og verður því að treysta á þá mynd af þeim sem situr eftir í huga hans⁴. Vörulíking telst því vera með merkjunum, sem og sjón- og hljóðlíking, auk þess sem heildarmynd merkjanna leiðir að því líkum að hætt sé við ruglingi á merkjunum. Telur nefndin því að staðfesta beri ákvörðun Hugverkastofunnar.

Úrskurð þennan kváðu upp Sigurður R. Arnalds lögmaður, formaður áfrýjunarnefndar ad hoc, Haukur Freyr Axelsson lögmaður og Margrét Sigurðardóttur lögfræðingur.


⁴ Má um það m.a. vísa til dóms Evrópudómstólsins í máli C-342/97 (Lloyd Schufabrik Mayer), málsgrein 26

Úrskurðarorð:


Ákvörðun Hugverkastofunnar frá 10. október 2019, um að synja um skráningu merkisins WHITE DRAGON TEA, sbr. vörumerkjaumsókn nr. V0111029, er staðfest.



Sigurður R. Arnalds



Haukur Freyr Axelsson



Margrét Sigurðarsdóttir



Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar
Bt. Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur, ritara
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Reykjavík, 6. nóvember 2020
Tilvísun: 201911-12040, 4.5

Einnig sent á netfangið: afryjunarnefnd.hugverkarettinda@anr.is

Mál nr. 24/2019, Árnason Faktor ehf., f.h. Monster Energy Company, Bandaríkjunum gegn Hugverkastofunni

Vísað er til erindis nefndarinnar, dags. 7. september 2020, þar sem Hugverkastofunni var veittur tveggja mánaða frestur, þ.e. til 7. nóvember 2020, til þess að skila greinargerð í ofangreindu máli. Greinargerð þessi er send nefndinni rafrænt og mun vegna aðstæðna í þjóðfélaginu verða send á pappír, í fjórriti, eins og óskað var eftir, við fyrstu hentugleika.

Mál þetta varðar umsókn um skráningu merkisins WHITE DRAGON TEA (orðmerki), nr. V0111029, sem Hugverkastofan synjaði með erindi, dags. 10. október 2019, á grundvelli ruglingshættu við merkið BLUE DRAGON (orðmerki), alþjóðleg skráning nr. 1036911, með vísan til 6. tl. 1. mgr. 14. gr. laga um vörumerki nr. 45/1997 (vml.), nú 1. tl. 14. gr. sömu laga með breytingum samkvæmt lögum nr. 71/2020.

Merkin innihalda bæði orðið DRAGON, sem að mati stofnunarinnar var talinn vera sérkennandi hluti merkjanna. Þá inniheldur merkið sem sótt er um einnig orðið TEA en það var að mati stofnunarinnar talið lýsandi fyrir þær vörur sem merkinu var ætlað að standa fyrir og ekki til þess fallið að draga úr ruglingshættu milli merkjanna. Þótt orðin WHITE og BLUE væru í sjálfu sér ólík hvað varðar framburð og rithátt voru skýr hugrenningartengsl talin vera á milli orðanna í ljósi merkingar þeirra beggja sem lita. Niðurstaða stofnunarinnar var því sú að heildarmynd merkjanna WHITE DRAGON TEA og BLUE DRAGON væri það lík að ruglingi gæti valdið enda merkjunum ætlað að standa fyrir sömu og/eða sambærilegar vörur í flokki 30. Skörun við flokk 32 var einnig talin skýr þar sem sótt var um vernd fyrir *óáfenga drykki*, sem eru í eðli sínu náskyldir þeim vörum sem merkið BLUE DRAGON er skráð fyrir. Nánar er vísað til rökstuðnings á fyrri stigum hvað þetta varðar.

Hugverkastofan gerir ekki athugasemdir við sjónarmið áfrýjanda um mat á ruglingshættu og metur stofnunin ruglingshættu milli merkja annars vegar með tilliti til merkjalíkingar (m.a. sjón, hljóð, merking) og hins vegar vöru- og/eða þjónustulíkingar. Heildarmyndin er það sem mestu skiptir og hættan á því hvort samhliða vernd geti valdið ruglingi hjá neytendum eða þeir geti ætlað að tengsl séu með merkjunum, sbr. áður 6. tl. 1. mgr. 14. gr. og gildandi 2. tl. 1. mgr. 4. gr. vml.

Það er óumdeilt í málinu að orðin WHITE og BLUE eru ólík bæði í sjón og framburði. Þá mynda þau fyrri hluta merkjanna sem almennt er, eins og áfrýjandi bendir á, gefið meira vægi í mati á ruglingshættu milli merkja. Sú nálgun er þó ekki algild og verður í því samhengi m.a. að skoða hvort orð eða orðhlutar teljist veikir eða sterkir fyrir umræddar vörur/þjónustu og hversu sérkennandi hin sameiginlegu orð eða orðhlutar eru. Þó orðið BLUE í hinu skráða merki hafi ýmsar merkingar aðrar en *blár* litur er óhætt að fullyrða að orðið BLUE í merkingunni *blár* sé almennt þekktari og algengari í almennu tali en þær merkingar sem áfrýjandi nefnir. Þá má með sama hætti nefna að þó orðið WHITE sé algengast í almennu tali sem *hvítur* litur að það er einnig þekkt t.d. sem heiti á tiltekinni tegund af tei, sem er ólíkt annars vegar *svörtu* og hins vegar *grænu* tei. Sá hluti merkjanna, sem er þeim sameiginlegur, er orðið DRAGON eða *dreki* og má því útleggja merkin annars vegar sem *hvítur dreki te* og hins vegar *blár dreki*. Að mati Hugverkastofunnar hefur viðbótin TEA í merkinu WHITE DRAGON TEA óveruleg áhrif á mun á heildarmynd þar sem um er að ræða þriggja stafa orð, aftast í merki áfrýjanda, sem auk þess stendur í nánnum tengslum við þær vörur sem umsókn áfrýjanda nær til.



Að mati Hugverkastofunnar skapast út frá heitum litanna sterk hugrenningartengsl á milli merkjanna og er því líklegt að hinn almenni neytandi, sem aðeins hefur annað merkið fyrir augum hverju sinni, telji þau eiga sama viðskiptalega upprunann. Þessu til hliðsjónar má t.d. nefna úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 8/2016 varðandi merkið THEFACESHOP (orð- og myndmerki). Ruglingshætta var talin vera til staðar milli þess og merkisins THE BODY SHOP. Ljóst var að fyrstu og síðustu orð merkjanna voru þau sömu og byggði niðurstaðan því einkum á mati á líkindum orðanna BODY og FACE. Þrátt fyrir að þau væru ólík í sjón og framburði var merkingarlíking talin vera til staðar þar sem bæði orðin vísuðu til líkamans eða hluta hans. Var því talið líklegt að hinn almenni neytandi upplifði heildarmynd og hughrif merkisins THEFACESHOP á þann hátt að það yrði talið eiga sama viðskiptauppruna og merkið THE BODY SHOP.

Eins og áfrýjandi bendir á er hið almenna viðmið það að því ólíkari sem merkin eru, þeim mun meiri kröfur séu gerðar til vöru- eða þjónustulíkingar. Sótt er um skráningu merkisins WHITE DRAGON TEA fyrir ýmsar tegundir af *tei* í flokki 30 og *óáfenga drykki* í flokki 29. Merkið BLUE DRAGON er m.a. skráð fyrir *tea* í flokki 30 og ýmsa *óáfenga drykki*, s.s. *tomato juice for cooking* og *coconut milk* í flokki 29, sem og *coffee and artificial coffee* í flokki 30. Þó vörurnar *óáfengir drykkir* í flokki 32 falli ekki í sama flokk og þær vörur sem hið skráða merki er verndað fyrir í flokkum 29 og 30, er iðulega talin vera til staðar skörun á milli matar- og drykkjarflokka þar sem vörurnar eru eðlislíkar, hafa sama tilgang og eru notaðar með sambærilegum hætti. Þá verður sem fyrr segir að telja að orðhlutinn TEA í merki áfrýjanda hafi beina tengingu við umræddar vörur og verði því að telja lýsandi hluta þess.

Hugverkastofan telur að þau dæmi sem áfrýjandi vísar til varðandi fjölda skráðra merkja sem innihalda DRAGON og eru skráð í flokki 30 hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) hafi ekki fordæmisgildi hér. EUIPO synjar ekki merkjum um skráningu á grundvelli ruglingshættu eins og gert er hér á landi en að öðru leyti vísar Hugverkastofan til úrskurða EUIPO í tveimur andmælamálum, sem vísað var til á fyrri stigum, þ.e. mál nr. B1899817, frá 11. júlí 2013, varðandi merkin BLACK MAGIC og WHITE MAGIC og mál nr. B2546128, frá 12. júní 2017, varðandi merkin BLACK VELVET og PINK VELVET. Ruglingshætta var talin vera til staðar í báðum tilvikum. Varðandi önnur merki sem innihalda DRAGON og skráð eru hér á landi er ljóst að í þeim merkjum sem áfrýjandi vísar til er ekki um að ræða skráningu á orðinu DRAGON einu og sér heldur innihalda þau önnur orð eða aðra þætti sem greina þau í sundur. Engin þeirra fela í sér orð eða þætti sem vekja sömu eða svipuð hugrenningartengsl og WHITE og BLUE.

Varðandi umfjöllun áfrýjanda um úrskurð Einkaleyfastofunnar í máli nr. 11/2017, áréttar stofnunin að í því máli var það veikari hluti umræddra merkja sem var þeim sameiginlegur, þ.e. NORTH. Ekki var því talin vera ruglingshætta til staðar milli NORTH ROCK og NORTHBROOK. Varðandi vísan til úrskurðar áfrýjunarnefndar í máli nr. 1/2012 var, þrátt fyrir að seinni hluti merkjanna væri sá sami, ekki talin vera til staðar ruglingshætta milli FACEBOOK og SAGABOOK. Allir orðhlutar voru taldir almenns eðlis og þrátt fyrir sameiginlegan síðari hluta merkjanna var grundvöllur niðurstöðunnar ólík merking fyrri hlutanna FACE (andlit) og SAGA (saga, almenn skírskotun til þjóðararfs). Að mati Hugverkastofunnar er ljóst að orðin *andlit* og *saga* skapa ekki sömu hugrenningartengsl í huga neytenda og heiti lita eða líkamshluta.

Varðandi skráningar í öðrum ríkjum eru þau lönd sem vísað er til, fyrir utan EUIPO, ekki þau sem almennt er litið til við mat á skráningarhæfi merkja hér á landi. Hvaða forsendur lágu fyrir við skráningu merkjanna samhliða í Brasilíu, Kanada, Chile, á Indlandi, í Mexíkó eða í Bandaríkjunum er Hugverkastofunni ekki kunnugt um. Sem fyrr segir synjar EUIPO ekki á grundvelli ruglingshættu og varðandi fordæmi í tengslum við mat EUIPO á líkindum litaheita í merkjum vísast til framangreindra ákvarðana. Í þessu sambandi bendir Hugverkastofan á að sambærilegri umsókn um skráningu merkisins WHITE DRAGON TEA (orðmerki) var synjað í Noregi með vísan til ruglingshættu við merkin BLUE DRAGON og DOUBLE DRAGON í sömu flokkum. Í synjuninni er byggt á því að DRAGON sé „et fremtredende element í varemerkene“ (þýð.: ráðandi þáttur merkjanna) og af því leiði að ruglingshætta sé til staðar og að hinn almenni neytandi geti talið merkin eiga sama viðskiptalega upprunann.¹

Að síðustu vísar áfrýjandi til dæma um samhliða skráningar, merki sem samanstanda af tveimur orðum þar sem annað orðið er hið sama. Þau dæmi sem vísað er til eru mun fleiri, sbr. umfjöllun um önnur merki sem innihalda DRAGON hér að framan. Að mati Hugverkastofunnar á hið sama við hér og um þau, ýmist er um að ræða orð

¹ Synjun Norðmanna má nálgast í heild sinni á vefsíðu þeirra www.nipo.no.



sem hafa veikt sérkenni fyrir þær vörur/þjónustu sem um ræðir, sbr. AQUA, WATER, GEL og/eða með þeim standa orð sem almennt skortir sérkenni fyrir umræddar vörur/þjónustu, sbr. WAX, TOURS eða CAR RENTAL. Af þessum tilteknu dæmum er ekki að sjá að sambærileg hugrenningartengsl skapist og þegar um tvo þekkta, skilgreinda liti er að ræða.

Merki sem innihalda sömu orð hafa verið skráð samhliða í gegnum tíðina, í eigu ólíkra aðila. Mat á því hvort merki teljast skráningarhæf þrátt fyrir að innihalda sama orðhluta og önnur merki fer sem fyrr segir fram heildstætt og m.a. á grundvelli þess hvort merki innihalda aðra þætti sem hugsanlega geta breytt merkingu hins sameiginlega orðhluta, hvort merkin eru á sama tungumáli o.fl. Þá þarf einnig að hafa í huga að mat á skráningarhæfi merkja hefur breyst í gegnum tíðina en mörg þeirra merkja sem áfrýjandi nefnir eru komin vel til ára sinna og einhver þeirra hafa verið afmáð (LOVEWAX, SÓL VÍKING). Þá eru sum þeirra í eigu sömu eða tengdra aðila (WATERPAINTS, WATERLINER, WATER WAX og GOLDEN WATER) og hugsanlega er í einhverjum tilvikum um skráningu á grundvelli samþykkis að ræða. Á hvaða forsendum meta skal merkin sambærileg þeim merkjum sem hér um ræðir telur Hugverkastofan vera órökstutt.

Hugverkastofan vísar að öðru leyti til þess sem fram kom í málinu á fyrri stigum og fer fram á að ákvörðun stofnunarinnar um synjun umsóknar um skráningu merkisins WHITE DRAGON TEA (orðmerki), nr. V0111029 standi.

Virðingarfyllst,

Hugverkastofan

Margrét Hjálmarsdóttir, yfirlögfr.

Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar
c/o Logia Lögmannstofa
b.t. Guðrúnar Bjargar Birgisdóttur ritara
Lágmúli 7
108 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2020

Varðar: Mál nr. 24/2019 – vegna áfrýjunar á ákvörðun Hugverkastofunnar, dags. 10. október 2019 vegna sýnunar um skráningu vörumerkisins WHITE DRAGON TEA, sbr. vörumerkjaumsókn nr. V0111029

Í eigu: Monster Energy Company, Bandaríkjunum

Okkar tilvísun: TM20207IS00

Frestur: 28. apríl 2020

Vísað er til bréfs áfrýjunarnefndar, dagsett 28. febrúar 2020, sem staðfestir móttöku áfrýjunarbréfs, sem dagsett er 19. nóvember 2019, þar sem við fyrir hönd umbjóðanda okkar Monster Energy Company, Bandaríkjunum, áfrýjum ákvörðun Hugverkastofunnar, dags. 10. október 2019. Í áðurnefndu bréfi er frestur veittur til 28. apríl 2020 til að skila inn greinargerð til nefndarinnar, til stuðnings áfrýjuninni.

Með vísan til 3. gr. reglugerðar nr. 275/2008 um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar er greinargerð þessi ásamt fylgiskjölum lögð fram í fimmriti og undirrituð af umboðsmanni áfrýjanda.

Umbjóðandi okkar krefst þess að fyrrgreindri ákvörðun Hugverkastofunnar, dags. 10. október 2019, þar sem skráningu ofangreinds merkis var hafnað, verði hnekkt og úrskurðað að umsókn merkisins verði samþykkt til skráningar hér á landi fyrir allar tilgreindar vörur.

Í fyrrgreindri ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að framangreint merki þætti ruglingslega líkt eftirfarandi fyrri vörumerkjaskráningu, sbr. 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997:

BLUE DRAGON (orðmerki), sbr. alþjóðlega vörumerkjaskráningu nr. 1036911

Í eigu: AB World Foods Limited, Bretlandi

Skráð fyrir eftirfarandi vörur í flokkum 29 og 30:

Flokkur 29: Meat, fish, poultry, game and seafoods and preparations made from or containing the aforesaid goods; meat extracts; crystallized ginger; preserved, dried, cooked, frozen or processed fruits or vegetables; seaweed, vegetable juices for cooking; preserved soya beans for food; tomato juice for cooking, tomato puree; preserved truffles; vegetable salads; soup pastes, soup and soup preparations; bouillon and preparations for making bouillon, bouillon concentrates; broth and broth concentrates; coconut and desiccated coconut, coconut powder, coconut milk, coconut butter, rum butter, and brandy butter; cheese and cheese products; eggs and dairy products; foie gras, pate, pickles; gelatine for food; desserts, jams, marmalades, jellies for food; edible oils and edible fats; prepared and processed nuts; peanut butter; fruit based/meat based spreads; dairy based dips; fruit based snack foods; prepared meals based mainly on meat, fish, poultry and/or game.

Flokkur 30: *Aromatic preparations for food; chutneys; ginger (spice); sake for cooking; sauces; meat gravies; salad dressings; soup flavourings and soup paste; salt for food, mustard, vinegar, pepper, spices, celery salt, condiments; ferments for pastes, seasonings, dried culinary herbs, capers; pasta and pasta products for food, noodles, vermicelli noodles, ribbon vermicelli; semolina; rice; curry powders, curry pastes, poppadums; cereal preparations, cornflour, cornmeal, farinaceous food pastes, farinaceous foods, thickening agents for cooking foodstuffs; tea, coffee and artificial coffee; molasses for food, syrups for food; bread, biscuits, cookies, rusks; cakes, pies, puddings, prepared meals, desserts, snack foods, frozen foods and frozen prepared meals, all based on flour, cereals, pasta and/or rice; edible decorations for cakes, mint for confectionery, peppermint sweets; confectionery; mayonnaise; preserved garden herbs; dried culinary herbs.*

Merki umbjóðanda okkar, **WHITE DRAGON TEA** óskast skráð fyrir eftirfarandi vörur:

Flokkur 30: *Te; íste; tedrykkir; tilbúið te; tilbúið bragðbætt te.*

Flokkur 32: *Óáfengir drykkir.*

Við getum ekki fallist á þessa niðurstöðu Hugverkastofunnar og teljum merki umbjóðanda okkar ekki ruglingslega líkt því merki sem Hugverkastofan telur koma í veg fyrir skráningu merkis umbjóðanda okkar. Fyrir hönd umbjóðanda okkar krefjumst við þess að ákvörðun Hugverkastofunnar dags. 10. október 2019 verði hnekkt og merki umbjóðanda okkar samþykkt til skráningar fyrir allar tilgreindar vörur. Kröfu okkar til stuðnings vísum við til eftirfarandi raka:

Almennt um ruglingshættu:

Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml. má ekki skrá vörumerki ef villast má á merkinu og merki sem skráð hefur verið hér á landi eða hefur verið notað hér þegar umsókn um skráningu er lögð inn og er enn notað hér. Af fyrri ákvörðunum skráningaryfirvalda má sjá að það sem einkum skiptir máli við mat á því hvort ruglingshætta sé með vörumerkjum er hvort um sé að ræða sjónlíkingu, hljóðlíkingu eða vörulíkingu með merkjunum. Skilyrði þessi eru enn fremur ítrekuð í athugasemdum við greinargerð með 4. gr. vml. þar sem meðal annars segir:

Samkvæmt ákvæðinu geta aðrir en eigandi vörumerkis ekki heimildarlaust notað í atvinnustarfsemi sinni tákn sem eru eins eða lík vörumerki hans ef notkunin tekur til sömu eða svipaðrar vöru eða þjónustu og vörumerkjarétturinn nær til, sbr. 1. tölul., og hætt er við ruglingi, þar með talið að tengsl séu með merkjunum

Þegar metið er hvort ruglingshætta sé til staðar milli tveggja merkja er annars vegar litið til þess hvort að merkjalíking sé með merkjunum og hins vegar hvort vöru/þjónustulíking sé með þeim, sbr. 1. mgr. 4. gr. vml. Líkingar á milli merkja og vöru/þjónustulíkingar verður að skoða í því samhengi og er almenna reglan sú að þeim mun líkari sem merkin eru, því minni kröfur eru gerðar til vöru- eða þjónustulíkingar og öfugt, sbr. forúrskurð dómstóls Evrópubandalagsins í máli nr. C-342/97 **Lloyd Schufabrik Meyer & Co. GmbH gegn Klijsen Handel Bv.** en þar segir:

That global assessment implies some interdependence between the relevant factors, and in particular a similarity between the trademarks and between the goods and services covered. Accordingly, a lesser degree of similarity between those goods or services may be offset by a greater degree of similarity between the marks, and vice versa.

Mati á merkjalíkingu má skipta í tvennt, í fyrsta lagi skal meta hvort sjónlíking sé með merkjum og í öðru lagi skal meta hvort hljóðlíking sé til staðar með merkjum. Þá getur merkingarlíking einnig komið til skoðunar. Grundvallarreglan við mat á ruglingshættu er að meta skuli heildarmynd merkjanna sem um er deilt, eins og kemur fram í athugasemdum í greinargerð með 4. gr. vml.:

Við túlkun á ákvæði 2. tölul. skal líta til þess að það er heildarmynd merkis sem meiru ræður þegar meta skal hvort villast megi á merkjum en einstakir hlutar þess. Það er sjónarmið hins almenna neytanda í þessu efni sem hafa ber í huga við slíkt mat.

Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2015/2436 frá 16. desember 2015, um samræmingu á lögum aðildarríkja um vörumerki, er fjallað um ruglingshættu í ákvæði 5(1)(b). Þar segir að ruglingshætta sé til staðar er uppi er „likelihood of confusion includes the likelihood of association with the earlier mark“. Ákvæði íslensku vörumerkjalaganna hafa verið samræmd þeim lögum og reglum sem gilda í Evópusambandinu um vörumerki, þ.m.t. tilskipun 2015/2436, sem felld hefur verið inn í EES-samninginn. Með hliðsjón af EES-samningnum verður að gæta samræmis í túlkun á lögum um vörumerki þar sem mismunandi túlkunaraðferðir gætu haft í för með sér að frjáls flutningur vöru og þjónustu verði torveldaður á EES-svæðinu¹.

Ákvæðið um association er komið inn í tilskipun þessa frá Benelux löndunum þar sem sviðuð regla gildir. Samkvæmt henni getur ruglingshætta skapast í eftirfarandi tilvikum (1) þegar almenningur ruglast raunverulega á merkjum (bein ruglingshætta), (2) þegar almenningur myndar tengingu milli eigenda merkjanna (ruglingshætta sem felst í óbeinum ruglingi) og (3) þegar almenningi finnst merki líkjast öðru merki og hið umdeilda merki kallar fram í hugann minningu um eldra merkið án þess þó að um beinan ruglings sé að ræða (ruglingshætta byggð á tengingu/association).

Evrópuþingurinn hefur fjallað ítarlega um *association* í úrskurðum sínum, meðal annars í máli C-251/95, **SABEL BV gegn Puma AG, Rudolf Dassler Sport**. Í forúrskurðinum kemur fram að *association* sé klárlega hluti af skilyrðinu um ruglingshættu en hins vegar er tekið fram að *association* sé ekki nægileg ein og sér heldur verði að vera til staðar bein hætta á ruglingi.

Merkjalíking

Séu þau merki sem hér eru til umfjöllunar og heildarmynd þeirra borin saman með tilliti til ruglingshættu er það okkar mat að ruglingshætta sé ekki til staðar.

Merkin sem bera skal saman eru merki umbjóðanda okkar WHITE DRAGON TEA annars vegar og merkið BLUE DRAGON hins vegar. Að okkar mati eru skráningarnar gjörólíkar, samanber það sem á eftir fer.

Ljóst er að orðin WHITE og BLUE eru gerólík bæði sjónrænt og hljóðrænt, og felst Hugverkastofa á þetta í úrskurði sínum. Merki umbjóðanda okkar hefur til viðbótar orðið TEA, sem þrátt fyrir að hafi ekki mikið sérkenni fyrir vörur umsóknarinnar, þá lengir það merkið og aðgreinir heildarmynd merkjanna verulega. Merkið BLUE DRAGON verður að okkar mati að teljast verulega ólíkt merkinu WHITE DRAGON TEA, bæði sjónrænt og hljóðrænt á grundvelli þess hversu ólík orðin BLUE annars vegar og WHITE og TEA hins vegar eru – ásamt því sem heildarmynd merkjanna verður ólík á grundvelli mismunandi lengdar og þess að annað merkið er tvö orð en hitt þrjú.

¹ Sjá umfjöllun í úrskurði Áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda á sviði iðnaðar nr. 12/2004 í tengslum við vörumerkið SILK ESSENTIALS.

Ljóst er að fyrri skráningin veitir ekki vernd fyrir orðið DRAGON eitt og sér heldur heildarmynd merkisins BLUE DRAGON. Eins bendum við á að ítrekað hefur verið úrskurðað hér á landi sem og í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við að við mat á ruglingshættu vegur fyrri hluti merkjanna þyngst.

Einu líkindin sem halda má fram með heildarsamsetningu merkjanna er því mögulega merkingarlíking að einhverju leyti. Orðið WHITE hefur merkinguna *hvítur* en orðið BLUE hefur fleiri en eina þekkta merkingu. Þannig getur orðið bæði vísað til litarins blás, en einnig til þess að vera dapur eða hnugginn, eða jafnvel klúr eða klámfenginn (sjá fylgiskjal 1). Einnig bendum við á að orðasambandið BLUE DRAGON hefur þekkta merkingu eða tilvísun á mörgum sviðum eins og líffræði, íþróttum, bókmenntum og tölvuleikjum (sjá fylgiskjal 2). Það er því ljóst að orðið BLUE hefur mun víðari tilvísun en einungis til litbrigða, og BLUE DRAGON hefur ýmsar þekktar merkingar og tilvísanir.

Hugverkastofa tiltekur í úrskurði sínum að þekktasta merking orðsins BLUE sé liturinn blár, og sé tekið tillit til merkingar orðanna BLUE og WHITE þá skapist ákveðin hugrenningartengsl þegar orðin eru borin saman. Þrátt fyrir að slíkur möguleiki sé fyrir hendi þá verður að telja að einhver möguleg merkingarlíking ein og sér sé á engan hátt nægjanleg til þess að líkur standi til að neytendur ruglist á merkjunum BLUE DRAGON og WHITE DRAGON TEA, þar sem afar lítil sjónlíking og hljóðlíking er með á milli orðanna WHITE og BLUE, og þar með ekki heldur heildarmynda merkjanna WHITE DRAGON TEA og BLUE DRAGON. Eins og fjallað er um hér að ofan er það að neytendur geti mögulega talið tengsl með merkjunum (*association*) þá er það eitt og sér engan veginn nægjanlegt til að ruglingshætta verði metin með merkjum.

Vörulíking

Vörulýsingar fyrrnefndra skráninga voru reifaðar hér að ofan. Séu vörulýsingar merkjanna bornar saman má sjá að einhver vörulíking er með merkjunum, þar sem þau innihalda bæði tilvísanir í te í flokki 30. Hins vegar er flokkur 32 ekki tilgreindur í hinni fyrri skráningu fyrir BLUE DRAGON, svo vörurnar „óáfengir drykkir“ í umsókn umbjóðanda okkar verða að teljast frekar ólíkar þeim vörum sem tilgreindar eru í fyrri skráningunni.

Þar sem það er hlins vegar ótvírætt mat okkar að merkjalíking sé engan veginn til staðar með merkjunum, verður nokkur vörulíking að okkar mati alls ekki þess valdandi að ruglingshætta skapist með merkjunum. Við ítrekum hér hið almenna viðmið að þeim mun ólíkari sem merkin eru því mun meiri kröfur eru gerðar til vöru- eða þjónustulíkingar.

Sérkenni orðsins DRAGON

Hugverkastofa segir orðið DRAGON hafa sterkt sérkenni fyrir flokkana sem merkin standa fyrir, enda hafi það enga tengingu við vörur í umræddum flokkum.

Við viljum hér benda á að vörumerki fyrir kaffi og te innihalda oft orðið DRAGON, og eru fjölmörg dæmi um sameiginlega tilvist á markaði fyrir vörur í flokki 30 sem vísa til dreka að einhverju leyti. Sem dæmi má nefna að í Evrópusambandinu finnast eftirfarandi skráningar í flokki 30:

- Purple Dragon (orðmerki) sbr. EUTM nr. 007587975 í eigu Purple Dragon Play Ltd.
- Black Dragon (orðmerki) sbr. EUTM nr. 011520129 í eigu Mohamed Zaidi
- Snapdragon (orðmerki) sbr. EUTM nr. 009302605 í eigu Snapdragon Foods LLC
- Imperial Dragon (orðmerki) sbr. EUTM nr. 002250546 í eigu JFC International (Europe) GmbH

- Mondragon (orðmerki) sbr. EUTM nr. 006474889 í eigu Fundación Mondragon

Það er því ljóst að skráningar í flokki 30 sem innihalda orðið DRAGON eru nokkuð algengar og hafa þegar sameiginlega tilvist á markaði innan Evrópulanda. Við bendum einnig á umfjöllun hér að neðan um að merkin BLUE DRAGON og WHITE DRAGON TEA eru þegar bæði skráð í fjölmörgum löndum. Því má ætla að neytendur geri sér grein fyrir að um mismunandi vörur sé að ræða, frá mismunandi framleiðendum, þrátt fyrir að þær hafi sameiginlegt orðið DRAGON í vörumerkjunum.

